



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Bifvélavirkni - bifvélavirkjun

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

### Car mechanic

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

#### Handhafi:

- greinir og lagfærir allar algengustu bilanir helstu gerða ökutækja, vinnuvéla og eftirvagna
- gerir við eða skiptir um slitna eða bilaða hluti í helstu gerðum ökutækja, vinnuvéla og eftirvagna
- hefur til hliðsjónar við viðgerð umferðaröryggi, ástand, útlit og notagildi ökutækis
- hefur til hliðsjónar við verk sín umferðarlög, fyrirmæli laga og reglugerða um hættuleg efni og vinnubrögð og um gerð og búnað ökutækja
- fylgir kröfum um umhverfisvernd
- ráðleggur viðskiptavinum um mögulegar viðgerðir út frá hagkvæmni og með tilliti til óska þeirra, til dæmis um sem lægstan viðgerðakostnað
- á góð samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini
- getur leyst verkefni sín með aðstoð handbóka, tiltækra stoðgagna og annars efnis, til dæmis á tölvutæku formi, á íslensku og ensku.
- getur skráð vinnuskýrslur og verklýsingar, meðal annars í ferilskrá ökutækis
- þekkir meginreglur sem rekstur fyrirtækja í greininni byggja á.

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Bifvélavirkjar starfa á bifreiðaverkstæðum, skoðunarstöðvum eða skyldum vinnustöðum við eftirlit, viðgerðir og/eða viðhald hvers kyns vélknúinna ökutækja. Þeir geta líka starfað í varahlutaverslunum við afgreiðslustörf. Rétt til starfa í bifvélavirkjun hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í bifvélavirkjun sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

#### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)  
© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI	
<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b> Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðar�og nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR	
Meðalnámstími er þrjú og hálftr ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fimm annir, að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 48 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.	
<b>Inngönguskilyrði</b> Grunnskólapróf	
<b>Viðbótarupplýsingar</b> Frekari upplýsingar er að finna á: <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a>	
<b>Upplýsingamiðstöð í landinu</b> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a>	